

Útskrift 18.02.2017

Ágætu útskriftarnemar, aðrir Bifrestingar og gestir.

Gleði, stolt, þakklæti og bjartsýni svífa um salinn þennan mikilvæga dag í lífi okkar Bifrestinga. Við fögnum öll hinum glæsilega hópi útskriftarnema sem nú hefur tekið við formlegri staðfestingu á árangri sínum í námi við Háskólann á Bifröst. Það er rétt að fagna því að gráður frá Háskólanum frá Bifröst koma ekki sjálfkrafa. Fyrir þeim þarf að hafa og útskriftarnemar uppskera nú laun erfiðis síns.

Við skulum líka muna að tengd hverjum útskriftarnema er fjölskylda sem hefur fylgst með því verkefni sem nú er lokið. Oftar en ekki hafa fjölskyldurnar hjálpað til með margvíslegum hætti eða skapað svigrúm og veitt hvatningu og stuðning á vegferðinni í náminu hér á Bifröst. Við skulum ekki gleyma að þakka öllum sem komið hafa að málum, þótt við vitum að á endanum eru það nemendurnir sjálfir sem þurfa að standa fyrir sínu, skila verkefnum og ná prófum.

Hver einasti nemandi sem kemur í Háskólann á Bifröst gerir það á sínum eigin forsendum. Við höfum öll okkar eigin markmið og væntingar um lífið og framtíðina. En allir útskriftarnemarnir eiga það sameiginlegt að hafa náð því markmiði sínu að útskrifast óháð því af hverju þeir ákváðu að hefja nám á Bifröst. Og einmitt það að hafa náð þessum markmiði eykur sjálfstraust og er hvatning til að halda áfram í

gegnum lífið með því að setja sér metnaðarfullri markmið og takast á við erfiðari verkefni.

Hluti þeirra sem útskrifast hér í dag heldur áfram í nýju námi hér í Háskólanum á Bifröst, aðrir fara annað í námi en mörg leita eftir nýjum verkefnum á vinnumarkaðnum. Við starfsmenn skólans bjóðum ykkur velkomin til leiks sem vilja halda áfram námi við skólann okkar og erum þakklát fyrir þann heiður að fá að halda áfram að mennta ykkur. Ykkur hinum óskum við velfarnaðar í hverju því sem þið takið ykkur fyrir hendur.

Við erum þess fullviss að þeir sem útskrifast frá Háskólanum á Bifröst fá gott vegarnesti. Skólinn virkar ekki eins og færiband þar sem kennitölur eru mataðar á upplýsingum eða bókviti og allt gengur út á að standast próf með vélrænum hætti. Í skólanum okkar eru nemendur einstaklingar en ekki kennitölur og kennsluaðferðirnar ganga út á að efla hvern og einn til dáða í framtíðarstörfum. Við leggjum mikið uppúr verkefnum; einstaklingsverkefnum, paraverkefnum og hópaverkefnum sem þjálfar nemendur í að vinna sjálfstætt sem í hópum með öðrum. Nemendur þjálfast í að leita að og vinna úr upplýsingum, læra að læra.

Bifrestingum gengur almennt mjög vel á vinnumarkaði. Þeir eru fólk sem leysir vandamál. Fólk sem kann að vinna með öðrum, hefur samvinnugetu. Samvinna er eitt af helstu gildum skólans. Samfélagið nú sem í framtíðinni gengur ekki upp nema að fólk vinni vel saman og þrífist í umhverfi þar sem samfelldir snertifletir við aðra einkenna líf og starf hvers einstaklings.

Nátengd samvinnugetunni er samskiptahæfnin sem er grundvallaratriði þegar kemur að velgengni á vinnumarkaði í framtíðinni. Við þurfum að geta tjáð okkur vel og markvisst í ræðu og riti. Enn og aftur er Bifröst að virka. Nemendur þurfa sífellt að standa fyrir máli sínu, koma skoðunum sínum á framfæri og hlutsa á aðra.

Reyndar erum við stödd í miðri stórri samskiptabyltingu sem hefur mikil áhrif á líf okkar og störf og er þá skólinn okkar ekki undanskilinn. Með tölvupóstinum og samskiptamiðlum höfum við miklu auðveldari og meiri samskipti en áður. Við fáum fréttir og upplýsingar til okkar og látum þær frá okkur með nýjum hætti. Við hittumst kannski ekki alltaf eins oft og áður augliti til auglitis en á móti kemur að samskiptamagn og samskiptavíddir eru margfaldar.

Nemendur í Háskólanum á Bifröst læra að fóta sig í þessu nýja umhverfi sem nýtist þeim vel inn í framtíðina. Hér er vendikennslan til dæmis farin að skipta miklu máli.

Fyrirlestrar eru komnir á netið, nemendur geta hlustað á þá þegar þeir vilja og eins oft og þeir vilja. Mikil samskipti eru á milli kennara og nemenda og milli nemenda innbyrðis á tölvupósti og Facebook. Allt þetta gerir nemendur hæfari til að vinna í atvinnulífi framtíðarinnar.

Háskólinn á Bifröst er skóli með sál. Okkur er ekki sama um nemendur okkar eða hvernig þeim vegnar í lífi og starfi. Þess vegna eru frumkvæði og ábyrgð gildi okkar. Við viljum efla með nemendum okkar hugrekki til að takast á við vandamál og erfiðleika og út á það ganga kennsluaðferðirnar. Við viljum líka að nemendur þekki sjálfan sig og hafi metnað til þess að

sækja fram. Við gerum hins vegar mun á metnaði og græðgi. Við leggjum alls staðar áherslu á ábyrgð, ábyrgð gagnvart okkur sjálfum og fjölskyldum okkar og eins ábyrgð gagnvart samfélaginu og umhverfinu.

Við viljum mennta fólk til að verða víðsýnt og umburðarlynt og bera virðingu fyrir öðrum einstaklingum og skoðunum. Við viljum líka að fólk rækti með sér vináttu og læri að treysta hvert öðru og hjálpist að. Þess vegna tölum við um Bifrestinga bæði sem heimsborgara og sveitamenn og skólann okkar sem Háskólann á Bifröst og héraðsskólann í Norðurárdal. Við viljum að allur heimurinn sé okkar vettvangur á sama tíma og við nýtum þá kosti sem fylgir okkar litla samfélagi hér í dalnum.

Þegar ég horfi á hópinn sem nú er hér að útskrifast hér sé ég stolt fólk. Fólk sem er ánægt með að hafa náð settu marki og með að hafa uppskorið eftir allt erfiðið. En ég sé líka fólk sem þekkir muninn á stolti og hroka. Fólk sem er auðmjúkt og þakklátt fyrir árangurinn og veit hvar það stendur en telur sig ekki vera yfir aðra hafið. Fólk sem er tilbúið til að sýna samferðamönnum sínum virðingu og umhyggju. Bifrestingar rækta líka með sér góða dómgreind, réttlætiskennd og sjálfsaga.

Oft hugsum við með okkur að við þurfum að vera trú sjálfum okkur og að standa á okkar sannfæringu. Hér í skólanum lærum við að læra, en lærum líka hvað við vitum lítið og að við þurfum sífellt að bæta við þekkingu okkar. En það skiptir okkur líka miklu máli að bregðast ekki því litla sem við teljum okkur vita. Stundum er settur á okkur mikill þrýstingur að

gera eitthvað eða segja eitthvað sem við höfum lært að er ekki rétt. Þá skiptir staðfestan máli.

En staðfestan má ekki vera svo mikil að við gerumst hrokafull og þykjumst vita meira en við gerum í raun og veru. Við verðum því líka að vera opin og leitandi og tilbúin að hlusta á aðra. Þekking leynist víða og við lærum margt af fólki sem við reiknum ekki endilega með fyrirfram að geti hjálpað okkur.

Getan til að miðla málum skiptir miklu máli og fólk vex af því að beita sér fyrir málamiðlunum frekar en að sitja hjá og fallast kannski á þær þegar hentar. Það er misjafnt hvernig við lítum á málamiðlanir. Við höfum markmið um hvert við viljum stefna og það er mikill kostur að sýna staðfestu, úthald og hugrekki. Svo er misjafnt hvernig markmið okkar koma við aðra. Stundum höfum við markmið sem gagnast öllum í kringum okkur og öllu samfélaginu. Þá þurfum við kannski minnst að miðla málum við aðra en fyrst og fremst að spá í málamiðlanir við okkur sjálf.

En þegar markmið okkar skapa kostnað og óþægindi eða eru andstæð skoðunum eða hagsmunum annarra þurfum við að yfirleitt að vera tilbúin til að miðla málum við þá sem eiga í hlut. Þá skiptir máli hvernig við lítum á málamiðlanir. Erum við að hvika frá settu marki, reiknum við allt út frá því sem við ætluðum að ná fram og teljum okkur þess vegna vera að bakka? Eða erum við með núverandi stöðu sem útgangspunkt þar sem málamiðlunin snýst um það hversu mörg skref við komumst áfram í áttina að markmiði okkar.

Sýn okkar á málamiðlanir skiptir miklu máli fyrir hvernig okkur líður með þær. Það er mun jákvæðari sýn að telja sig vera að

ná áföngum á einhverri leið að settu marki frekar en að vera alltaf að bakka og hvika. Jákvæð sýn lætur okkur líða vel en neikvæð sýn lætur okkur oftast líða illa og skapar þá tilfinningu að við séum alltaf að tapa.

Við skulum líka viðurkenna að oft er flókið að gera málamiðlanir. Niðurstöðurnar eru stundum ofar okkar skilningi og það reynir verulega á þolinmæðina að lifa með því sem ákveðið hefur verið. Þannig virðast okkur til dæmis umferðarreglur vera þokkalega einfalt mál en það er ekki endilega rétt þegar við förum að spá í málið.

Af hverju keyra sumar þjóðir á hægri vegarhelmingi meðan aðrar keyra vinstra megin? Engum hefur tekist að sanna að þetta skipti nokkru máli fyrir öryggi vegfarenda. Íslendingar skiptu yfir í hægri handar umferð árið 1968 mest vegna þess að flestir bílar í landinu voru gerðir fyrir það með stýrið vinstra megin. Við vitum málamiðlun í þessu máli getur aldrei snúist um það að allir keyri á miðjum veginum.

En menning þjóða og samfélaga skiptir miklu máli í umferðinni og regluverkinu. Ég bendi stundum á þessu til stuðnings að meðan ég var í Los Angeles við nám fyrir nálægt 40 árum síðan var umferðin þar mjög þægileg. Allir voru varkárir og tillitssamir og tilbúnir til að gefa séns með vinki og brosi á vör. Í ökukennslu var lagt kapp á það að ökumenn krefðust aldrei réttar síns í umferðinni.

Svo kom ég til Reykjavíkur. Þar fóru langflestir eftir umferðarreglunum. En þeir óku líka með báðar hendur krepptar á stýri, einbeittir á svip og reyndu að komast leiðar sinnar eins fljótt og auðið var. Að bíða af sér tvö rauð ljós við

sömu gatnamót hefur löngum verið skilgreiningin á umferðaröngþveiti í Reykjavík. Enginn gaf heldur séns í Reykjavík heldur notfærðu allir sér rétt sinn til hins ítrasta.

Á Sauðárkróki þar sem ég ólst upp var svo enn önnur umferðarmenning. Þar giltu sérstakar umferðarreglur fyrir hvern bíl. Þegar ákveðnir menn voru komnir á göturnar urðu aðrir að víkja og eitt og eitt umferðarmerki hafði enga þýðingu.

Við skulum líka skoða gjána sem hér er milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Ökumenn sem alast upp við að keyra á höfuborgarsvæðinu eru vanir umferðarþunganum og hraðanum þar. Þeim þykir ekki tiltökumál að keyra eftir stofnbrautunum á 90 – 100 kílómetra hraða við hliðina á trukkum og rútum, skipta ótt og títt milli akgreina og láta vaða inn á hringtorg. En þegar sama fólk kemur út á land og fer að keyra á þjóðvegum, jafnvel þótt þeir séu með bundnu slitlagi, kemur annað upp á teninginn. Þá eru viðkomandi fullir af ótta, halda fast um stýrið og halla sér fram í sætinu. Að mæta flutningabíl eða rútu er stórmál og það fyrsta sem þeim dettur í hug er að banna slíka bíla á vegunum.

Fyrir þá sem eru aldir upp á landsbyggðinni er lítið mál að keyra þjóðvegina á góðum hraða en stundum virka 90 kílómetrarnir eins og einhver misskilningur. Hvorki er mikið mál að mæta né taka framúr stórum bílum. En umferðin í höfuðborginni þvælist oft fyrir þeim ekki síst þegar menn rata lítið og þurfa að hægja á eða stoppa til að átta sig á staðsetningum. Þá upphefst mikill flautukór og venjulegir

landsbyggðarmenn skilja ekkert í því hvað öllu þessu fólki liggur mikið á. Þetta var sérstaklega algengt meðan gamla númerakerfið var við lýði og bílar merktir sínum heimasvæðum.

Þegar kemur að því að framfylgja umferðarreglunum vandast málið mikið. Nú er það svo að þegar menn keyra eitthvað innan við hámarkshraða lengst til vinstri á stofnbraut á höfuðborgarsvæðinu er það tekið sem merki um að viðkomandi séu líklega undir áhrifum áfengis og þeir mega búast við því að verða stöðvaðir af lögreglu.

Þannig að hegðun innan ramma laganna getur verið talin afbrigðileg og ástæða til sérstakrar rannsóknar. Ég hafði reyndar lengi reynt að vekja athygli á þessu og sérstaklega við konuna mína, Pálu, sem kvartar stundum undan því að ég keyri nokkuð hratt og vilji lítið miðla málum um ökuhraða. Ákveðinn veikleiki hjá mér gæti hún sagt en ég vil gjarnan forðast óþarfa tafir í umferðinni. Reyndar kann hún best við sig á vegum landsins á innan við 60 kílómetra hraða og það gekk ágætlega hjá henni í akstrinum hér í Norðurárdalnum. En viti menn. Hún átti einu sinni leið til Reykjavíkur og var á leið til baka út úr höfuðborginni á sínum uppáhaldshraða. Meira að segja á hægri akgrein á sjálfum Vesturlandsveginum. Hún tók þá eftir því að blá ljós fóru að blikka í kringum hana en skeytti því engu vegna þess að hún gætti fyllstu varúðar og var innan ramma laganna. Um síðir skildist henni þó að lögreglan ætti erindi við hana og stöðvaði bílinn. Og þess var að sjálfsgöðu krafist að hún blési í áfengismæli. Síðan hefur hún aldrei mótmælt því að það sé álitid grunsamlegt að vera



innan reglurammans þótt hún sé engan veginn sátt við slíkt ástand.

Breytingar á reglum geta líka valdið okkur heilabrotum. Ekki fyrir alltof mörgum árum var mikil umræða um nauðsyn þess að vinna gegn ofsaakstri sem er oft skilgreindur sem meira en 130 kílómetra hraði. Voru margar leiðir ræddar hjá yfirvöldum samgöngumála en niðurstaðan var sú, og það eina sem gert var, að lækka vikmörk við hraðamælingar niður í 5 kílómetra. Þannig að þeir sem óku á milli 95 og 100 kílómetra hraða fóru að fá sekt. Þáverandi samgönguráðherra, sem er góður vinur minn, var sérstaklega ánægður með þessa aðgerð og taldi mjög mikilvægt í baráttunni gegn akstri á yfir 130 kílómetrum að hægja á þeim sem keyrðu milli 95 og 100.

Ágætu útskriftarnemar. Ég er að fara yfir þessi mál til að undirstrika að ekki er alltaf einfalt að ná og lifa með málamiðlunum jafnvel þótt málin virðist ekki flókin. En það má ekki gefast upp og ég tel einmitt að nemendur frá Háskólanum á Bifröst séu mjög vel búnir undir að takast á við svona viðfangsefni sem þeir munu örugglega mæta á vegferð sinni á vinnumarkaði og í lífinu sjálfu.

Háskólinn okkar hér á Bifröst er á miklu breytingaskeiði á sinni vegferð ekki síður en nemendurnir í skólanum. Skólinn verður 100 ára á næsta ári en er samt á fleygiferð inn í spennandi framtíð. Á síðustu árum höfum við innleitt vendikennsluna og lotukerfið, sameinað staðnám og fjarnám, tekið upp nýjar námslínur, s.s. meistaranám í forystu og stjórnun, meistaranám í viðskiptalögfræði og miðlun og almannatengsl í grunnnáminu. Grunnám í lögfræði er nú

boðið fram í fjarnámi eins og allt annað nám. Háskólagáttin hefur verið endurskipulögð. Alþjóðlegi sumarskólinn fór af stað síðastliðið sumar. Við höfum líka verið óhrædd við að prófa aðrar nýjungar í námsframboði sem hafa ekki náð að festa sig í sessi en var samt rétt að gera. Við vitum að nýjar námsbrautir munu alltaf ganga misvel og það er ávísun á stöðnun í skólanum ef við erum ekki sífellt að þróa og prófa okkur áfram.

Næsta haust verður boðið uppá nýja meistaralínu í markaðsfræði og Háskólagáttin verður þróuð áfram til þess að tengja hana við nám í verslunarstjórnun. Hugmyndir eru á teikniborðinu um frekari nýjungar í námsframboði fyrir skólaárið 2018 – 2019. Við þurfum líka að hafa í huga að sífellt meiri eftirspurn er eftir fjarnámi við skólann. Yfir 80% nemenda eru nú í fjarnámi. Háskólinn á Bifröst stærir sig af því að vera í fremstu röð í fjarnámi meðal íslenskra háskóla. Mikilvægt er fyrir okkur að styrkja stöðu okkar á sviði fjarnáms. Við erum nú að fara yfir tækifærin sem við þurfum að grípa með uppfærslu á kerfum og endurnýjun á aðstöðu nemenda og tæknibúnaði í skólanum. Markmiðið er að verja ótvírætt forystuhlutverk okkar á þessu sviði.

Við megum ekki upplifa þá breytingu sem er að verða á áhuga á fjarnámi sem neikvæða þróun þrátt fyrir að staðnemunum á Bifröst hafi fækkað. Við sem skóli erum nemendadrifin og hugsum fyrst og síðast um að uppfylla þarfir þeirra og það eru nemendurnir sem ákveða í hvaða skóla þeir fara og hvernig þeir stunda námið. Við erum að þróast þannig að nám á Bifröst og búseta á Bifröst eru tvær algjörlega sjálfstæðar

ákvarðanir. Þessi þróun er ekki bundin við Bifröst og ekki við Ísland. Hún er alþjóðleg.

Við sem búum á Bifröst teljum það vera forréttindi. Og við munum alltaf reyna að gera okkar besta til að skapa nemendum okkar sem kjósa að búa á Bifröst eins gott umhverfi og samfélag og okkur er unnt. Við höfum líka metnað fyrir hönd staðarins og þess samfélags sem hér hefur þróast. Okkur þykir vænt um þetta samfélag og viljum hlúa að því. Það mun hins vegar þurfa að breytast eins og allt annað. Við höfum verið að byggja upp hótélrekstur og nú stendur fyrir dyrum að selja hluta af íbúðarhúsnæði og húsnæði skólans þannig að betra svigrúm skapist fyrir utanaðkomandi aðila að taka við hótélkeflinu og byggja hér upp myndarlegan atvinnurekstur við hliðina á skólanum. Það styrkir staðinn og samfélagið.

Á sama tíma þurfum við að útfæra áætlanir um bættan aðbúnað nemenda sem búa á Bifröst og koma þeim í framkvæmd. Þá er ég bæði að taka um aðstöðu til náms og félagslífs og stuðning við félagsstarf nemenda og fjölskyldulíf þeirra. Við höfum á undanförunum árum búið við takmörkuð fjárráð sem hefðu þó verið ennþá naumari ef dyggur stuðningur þingmanna kjördæmisins hefði ekki komið til við fjárlagagerð. Þröngur fjárhagur hefur vissulega sett okkur stólinn fyrir dyrnar en nú verðum við að vona að nýjir og betri tímar séu að renna upp fyrir háskólana í landinu.

Háskólinn á Bifröst er sannarlega mikill suðupottur þar sem hugmyndir, stefnur og straumar krauma á fullu. Ég hef haldið því fram að það sé þáttur í samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og

stofnana að hvetja starfsmenn sína til þátttöku í stjórnmalastarfi. Ég held því líka fram að það sé nauðsynlegt að hafa gott fólk í öllum stjórnmalaflokkum. Við vitum að lýðræðið gengur ekki upp nema að gott fólk fái möguleika að taka þátt í stjórnmalastarfi. Þess vegna hef ég alltaf hvatt starfsfólk skólans til þess að gefa kost á sér til stjórnmalapátttöku og litið jákvætt á að ráða fólk sem hefur reynslu af þátttöku í stjórnmalum.

Og þetta hefur allt saman gengið vel að mínu mati og verið skólanum til sóma. Á tímabili gekk þetta svo vel til dæmis að nemendur og starfsmenn Háskólans á Bifröst voru fimm af níu í sveitarstjórn Borgarbyggðar. Þessir Bifrestingar voru í þremur flokkum og ýmist í meirihluta eða minnihluta.

Þrjú starfsmenn voru ofarlega á framboðslistum tveggja flokka fyrir síðustu kosningar til Alþingis og litlu munaði að tveir þeirra næðu kjöri. En nú ber svo við að allir þessir þrjú starfsmenn hafa verið ráðnir sem aðstoðarmenn ráðherra. Þetta eru Páll Rafnar Þorsteinsson, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, deildarforsetar og Sigrún Gunnarsdóttir dósent. Páll og Þorbjörg útskrifuðu hér áðan sem var síðasta skylduverk þeirra í skólanum í bili.

Við erum stolt yfir árangri Bifrestinganna okkar og þetta er mikill heiður fyrir skólann. Við treystum því að þau smiti alla ríkisstjórnina af Bifrastarandanum. Vissulega er heilmikið þúsl að fleyta málum áfram í skólanum þangað til fyrri deildarforsetar í Lagadeild og Félagsvísindadeild snúa aftur á nýju skólaári en þær hafa báðar verið í leyfi frá störfum.

Fleiri starfsmenn eru líka að kveðja skólann okkar. Guðmundur Ólafsson er að láta af störfum en hann nálgast hratt áttæðisaldur, ótrúlegt en satt. Kjafturinn á honum er ekki eldri en fimmtugt hefðum við sagt í Skagafirðinum í gamla daga. En við þökkum Guðmundi fyrir framlag hans til skólans en hann er sannarlega einn þeirra sem hafa sett sterkan svip á skólastarfið.

Auður H. Ingólfssdóttir er líka að hætta og fara inn á nýjar brautir. Auður sem hefur nýlokið doktorsprófi er einn af okkar farsælustu kennurum og hennar verður mikið saknað en um leið þökkum við henni samfylgdina og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Þá er Ásta G. Rögnvaldsdóttir á bókasafninu er að hætta vegna aldurs en hún hefur hjálpað okkur af mikilli alúð undanfarin ár sem við þökkum fyrir. Sandra Jóhannsdóttir, prófstjóri, er að hætta og taka við starfi sem lögfræðingur í stofnun á vegum Reykjavíkurborgar. Hún hefur haldið utan um próftökur með afar öruggum hætti sem við þökkum henni fyrir og óskum henni góðs gengis á nýjum vettvangi. Tveir aðrir starfsmenn hætta í föstu starfi sem kennarar en halda áfram sem stundakennarar.

Er rektorinn þá nokkuð líka að fara kann einhver að hugsa. Svárið við því er nei. Reyndar má segja frá því að upphaflegur fjögurra ára ráðningartími rennur út næsta sumar en ákveðið hefur verið að framlengja hann um þrjú skólaár í viðbót.

Háskólinn á Bifröst er ótrúlega gott samfélag sem hefur mótandi áhrif á alla sem verða hluti af því. Skólinn nýtur þess að hafa nemendur sem vilja ná árangri og taka að sér leiðandi

hlutverk í atvinnulífinu og samfélaginu. Skólinn nýtur líka kennaranna og annars starfsfólks sem hefur metnað til að skila góðu verki og skila skólanum sterkum áfram inn í framtíðina. Við stöndum í þakkarskuld við alla nemendur og starfsmenn sem hafa lagt sitt af mörkum í skólanum okkar. Allt þetta fólk er að vinna íslensku samfélagi mikið gagn.

Bifrastarglampinn einkennir þá sem hafa orðið hluti af samfélagi okkar hér í Norðurárdalnum. Þá er ég að tala um blikið sem kemur í augu Bifrestinga þegar þeir minnst veru sinnar hér í skólanum. Ég sé Bifrastarglampann skína skært í augum ykkar ágætu sem útskrifuðust hér áðan og ég veit að hann mun duga ykkur vel sem leiðarljós í framtíðinni.

Við skulum öll njóta augnabliksins og dagsins.

Á morgun kemur nýr dagur og við munum takast á við verkefni hans og annarra daga í framtíðinni full sjálfstrausts.

Í verkfærakistu okkar er allt sem við höfum lært og metnaður til að standa okkur í starfi og leik fyrir fjölskyldur okkar og samfélagið allt.